

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 858/2002 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.07.-31.12.03	2.500	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.07.-31.12.03	125.000	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.03 - 30.06.04	53.000	0	210
b)					
0406.1000	<i>Ostur og ystingur:</i> Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.03 - 30.06.04	119.000	0	149
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.03 - 30.06.04		0	149